

***BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að sálfræðiþjónusta í skólum færist frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs - R20010379***

Flokkur fólksins leggur til að sálfræðingar í skólum og sálfræðiþjónustan færist undir skóla- og frístundasvið. Í dag er hún undir velferðarsviði. Það er mat borgarfulltrúa að með því að færa sálfræðinga skóla undir skóla- og frístundasvið komist þeir í betri tengingu við skólana, börnin og kennara. Skólasálfræðingar heyra undir þjónustumiðstöðvar borgarinnar þar sem þeir hafa aðsetur. Í skýrslu innri endurskoðunar sem kom út í júlí 2019, kom fram skýrt ákall skólastjórnenda að sálfræðingar kæmu meira inn í skólanna. Nærvera þeirra myndi létta álagi á kennara. Það hefur lengi legið fyrir að of mikil fjarlægð er milli barna/kennara og fagfólks. Þessi tillaga miðar af því að styrkja formlegar stöðir og innviði skólakerfisins til að hægt sé að sinna börnum og kennurum betur og ekki síst til að eiga betri möguleika á að minnka biðlista. Í raun má segja að það sé engin handbær rök fyrir því að skólaþjónusta tilheyri ekki því sviði sem rekur skólanna. Með þessari breytingu aukast líkur á meiri skilvirkni, skipulagi og framkvæmd á stuðningi við börn og ungmenni í skólastarfi enda allt utanumhald þá undir sama þaki ef svo má segja. Með því að sálfræðingar heyri undir skóla- og frístundasvið yrði hlutverk skólaþjónustu gagnvart skólum og starfsfólki þeirra eftl.